

45
20. júní

L Ö G

um

sandgræðslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varnar gegn uppblæstri og sandfoki á landi skal falin Búnaðarfelagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu sandgræðslumann, skipaðan af landsstjórninni, með sjerþekkingu á sandgræðslu.

2. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að koma í veg fyrir uppblástur, svo og til þess að græða foksvæðin að fullu. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin fulla ráð yfir því svæði, sem sandgræðslan fer fram á, og verður landeigandi að hlíta þeim reglum, sem að sandgræðslunni lúta.

3. gr.

Landsstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefndir og eftir tillögum Búnaðarfelags Íslands, hver svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu.

Sá er óskar að fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sendi Búnaðarfelagi Íslands beiðni um það, og lætur fylgja ítarlega skýrslu um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla bjóða mest fje fram til verksins.

4. gr.

Kostnaður við girðingu, græðslu og viðhald foksvæðis eða sandgræðslusvæðis skal greiddur að $\frac{1}{2}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{2}$ af landeiganda. Ábyrgð hlutaðeigandi hrepps eða sýslu skal fengin fyrir því, að landeigandi greiði sinn

hluta af kostnaðinum jafnótt og þörf krefur, og veitist aldrei lán úr ríkissjóði **45**
 til þess hluta kostnaðarins. Allur arður af girtu sandgræðslusvæði skal ganga **20. júní**
 óskiftur til viðhalds og græðslu þess, þar til fram er farin afhending sú, er
 getur um í 10. grein.

5. gr.

Land, sem uppblástur eða sandfok er á og hætta stafar af, en eigendur þess, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla vilja ekki kosta græðslu á, getur landsstjórnin tekið eignarnámi.

Eignarnámið skal fram fara eftir fyrirmælum laga nr. 61, 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Nú hefir foksvæði verið tekið eignarnámi, og er þá landsstjórninni skylt að láta byrja á sandgræðslu þar svo fljótt sem unt er.

6. gr.

Nú selur landsstjórnin landssvæði það, sem tekið hefir verið eignarnámi, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, sem landið hefir áður fylgt, eiga forkaupsrjett að því. Afsali hann sjer forkaupsrjetti, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 4, 28. nóv. 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

7. gr.

Á þeirri jörð, sem unnið er að sandgræðslu á, er þeim, sem umsjón hefir með verkinu fyrir hönd ríkisins, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, grassvörð, hús, víðikvisti, slægjur, þara, þang, leir, fræ og annað, er nota þarf við sandgræðsluna. Einnig er honum heimil hagaganga fyrir hesta, sem nota þarf til vinnu. Sje hinsvegar um landspjöll eða skerðing á venjulegum jarðarafnotum að ræða, getur landeigandi eða ábúandi krafist bóta eftir mati.

8. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðingar eða áfastar við þær án leyfis, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær en 50 m., svo að hægt sje að vinna tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara í kringum þær til eftirlits.

9. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði nje svo nærri girðingunni, utanvert við hana, að umferðin þar geti valdið uppblæstri. Nú þarf af þessum ástæðum að gera girðingar eða vegi, og skulu þá girðingarnar kostaðar á sama hátt og sandgræðslan, en vegirnir af hreppum eða sýslum, og eru þeir sandgræðslunni óviðkomandi.

10. gr.

Þegar sandfokið er heft og svæðið gróið, fær landeigandi umráð yfir því, hafi þeim ákvæðum um greiðslu til sandgræðsunnar, sem getið er í 4. gr., verið

45 fullnægt. Skylt er þó landeiganda að hlíta þeim reglum um notkun þess, sem 20. júní stjórnin setur til varnar því, að uppblástur byrji að nýju. Landeigandi eignast þá girðinguna, en er eftir það skyldur til þess að halda henni við á sinn kostnað, þar til sandgræðslustjórnin gefur leyfi til þess að taka hana upp og fullvíst þykir, að uppblásturshætta sje úti.

11. gr.

Nú fellur niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda bar að greiða samkvæmt 4. gr., og getur þá landsstjórnin látið taka foksvæðið eignarnámi samkvæmt ákvæðum 5. gr., og skal matið miðað við verðgildi svæðisins áður en sandgræðslan byrjaði, að viðbættum helmingi af þeim verðauka, sem sandgræðslan hefir komið til leiðar.

12. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkvæmt 10. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna. Vanræki hann nauðsynlega vinnu, sem honum ber að vinna til varnar uppblæstri, hefir sandgræðslustjórnin rjett til þess að láta vinna verkið á hans kostnað.

13. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðunum og girðingum um þau, einnig eftir að þau eru afhent eiganda til umráða. En hlutaðeigandi hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemmist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar, eða ábúandi, skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemdunum. Hreppstjóra er þá skylt að sjá um, að gert sje við girðinguna svo fljótt sem unt er, en ábúandi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins, eða að aftur sjeu byrjaðar skemdir af uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gera Búnaðarfjelaginu aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Skylt er Búnaðarfjelaginu að gefa landstjórninni árlega skýrslu um allar framkvæmdir við sandgræðsluna, viðhald hennar og árangur, svo og reikning yfir tekjur og gjöld við starfræksluna.

14. gr.

Búnaðarfjlagið semur árlega áætlun fyrir hvert sandgræðslusvæði og sendir landeiganda, eða hlutaðeigandi hreppstjóra, fyrir 15. febrúar. Umsóknir um styrk úr landssjóði til sandgræðslu skulu sendar til Búnaðarfjelags Íslands fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

15. gr.

45

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 50—1000 krónum, 20. júní
nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið
sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um sandgræðslu, nr. 20, 2.
nóvember 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.

L Ö G

um

46

20. júní

stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar
undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja.
Frá sama tíma skal og rafmagnsstöðin við Elliðaár ásamt íbúðarhúsi og lóð,
svo og Elliðaárnar með árhólmanum, árfarvegnum og landi á austurbökkum
áanna, er þarf til byggingar þeirra mannvirkja, er þurfa þykir framvegis til
hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennu.